

Föstudaginn 26. janúar 1996.

Nr. 32/1996.

Gísli Ólafsson Ólafs og

Ragnar J. Jónsson

(Magnús Óskarsson hrl.)

gegn

Margeiri Jóhannssyni

(Einar Gautur Steingrímsson hdl.)

Kærumál. Frávísunarúrskurður staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðilar skutu málinu til Hæstaréttar með kæru 29. desember 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 17. janúar 1996. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 20. desember 1995, þar sem máli sóknaraðila á hendur varnaraðila er að hluta vísað frá dómi. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðilar krefjast þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir héraðsdóm að taka kröfur þeirra til efnismeðferðar, en til vara, að málinu verði í heild vísað frá dómi. Í báðum tilvikum krefjast sóknaraðilar málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður staðfest sú niðurstaða héraðsdóms að vísa þar greindum liðum í kröfum sóknaraðila frá dómi.

Í varakröfu sinni krefjast sóknaraðilar þess annars vegar, að kröfur þeirra sjálfra, sem ekki er vísað frá héraðsdómi með hinum kærða úrskurði, verði nú vísað frá, og hins vegar, að hið sama verði gert við kröfur varnaraðila í gagnsök í héraði, en því hafa sóknaraðilar ekki hreyft fyrr en í kærumáli þessu. Eru ekki efni til að taka afstöðu til kröfu, sem gerð er úr garði með þessum hætti.

Samkvæmt framangreindu verður hinn kærði úrskurður staðfestur. Dæma verður sóknaraðila sameiginlega til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðilar, Gísli Ólafsson Ólafs og Ragnar J. Jónsson, greiði sameiginlega varnaraðila, Margeiri Jóhannssyni, 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 20. desember 1995.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi um fram komna frávísunarkröfu 24. nóvember sl., er höfðað með stefnu, birtri 25. mars 1994, af Gísla Ólafssyni Ólafs, kt. 031136-3429, Látraströnd 14, Seltjarnarnesi, og Ragnari J. Jónssyni, kt. 220329-3219, Vogalandi 5, Reykjavík, gegn Margeiri Jóhannssyni, kt. 020832-4449, Brúnastekk 4, Reykjavík.

Í þinghaldi 12. september 1995 óskaði lögmaður aðalstefnda bókað, að hann gerði þá kröfu, að kröfuliðum III – VII í stefnu á dskj. nr. 1 og kröfum skv. framhaldsstefnu verði vísað frá dómi. Með hliðsjón af því, að Héraðsdómur Reykjavíkur og Hæstiréttur Íslands hafi fjallað um hliðstæðar kröfur og gerðar séu í máli þessu, sbr. dskj. nr. 71 og 72, væri ástæða til þess að fjalla sérstaklega um frávísunarpátt málsins.

Lögmaður aðalstefnenda mótmælti kröfu aðalstefnda sem of seint fram kominni og vakti athygli á því, að í niðurstöðum héraðsdóms og Hæstiréttar komi fram, að hinir sérfróðu meðdómendur hafi ekki skv. fyrirbyggjandi gögnum getað komist að niðurstöðu um tjónsfjárhæð. Úr því megi bæta í samræmi við 3. mgr. 101. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, áður en til aðalmeðferðar komi.

Hinn 24. nóvember sl. fór síðan fram munnlegur málflutningur um fram komna frávísunarkröfu, og er einungis sá þáttur til úrlausnar hér.

Dómkröfur í málinu.

Dómkröfur aðalstefnenda.

- I. Að dæmt verði, að stefndi skuli víkja sem félagi úr sameignarfélaginu Íselco vegna brota sinna gegn félaginu frá og með 13. júlí 1993.
- II. Að dæmt verði, að sameigendum Margeirs að Íselco sf., þeim Ragnari Jónssyni og Gísla Ó. Ólafs, sé heimilt að innleysa hlut stefnda í félaginu, aðallega á bókfærðu verði, 5.600.096 kr., sbr. 7. gr. félagssamnings aðila, dags. 8. 1. 1971, – til vara á matsverði skv. mati endurskoðendanna Sveins Jónssonar og Einars Ólafssonar, dags. 13. sept. 1993, að frá dregnum matsliðnum viðskiptavild og að teknu tilliti til staðgreiðsluafsláttar á fasteign félagsins, 4.575.000 kr., eða á 12.600.594 kr., – og til þrautavara skv. samkomulagi aðila, dags. 12. 7. 1993, á mats-

verði skv. mati endurskoðendanna Sveins Jónssonar og Einars Ólafssonar, dags. 13. sept. 1993, að frá dregnum matsliðnum viðskiptavild, eða á 14.125.594 kr., – og enn til vara á matsverði skv. tilvitnuðu mati, 19.125.594 kr.

- III. Að stefndi verði dæmdur til að greiða sameigendum sínum tvo þriðju af 14.563.390,75 kr., 9.708.927 kr., vegna hlutdeildar sinnar og ábyrgðar sem fjármálalegur framkvæmdastjóri Íselco sf. á fjármunabrotum Jóhanns Péturs Margeirssonar, sonar síns, gegn Íselco sf. og í samræmi við samkomulag, dags. 12. 7. 1993. Sundurliðun kröfunnar er að finna í köflum 1 til 22 síðar í stefnunni.
 - IV. Að stefndi verði dæmdur til að greiða 2.144.110 kr., sem eru útlagður kostnaður við rannsókn á fjármunabrotum Jóhanns Péturs.
 - V. Að stefndi verði dæmdur til að endurgreiða félögum sínum þeirra hlut í fjármunum þeim, sem hann hafði af Íselco sf., tvo þriðju af 545.609,80 kr., 363.739 kr. Krafan sundurliðast nánar í köflum 23 – 26 síðar í stefnunni.
 - VI. Að stefndi verði dæmdur til að greiða útlagðan kostnað við bókhaldsvinnu vegna V. kröfuliðar hér að ofan 217.875 kr.
 - VII. Krafist er dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum frá dagsetningu hvers kröfuliðar til greiðsludags.
- Þá er krafist málskostnaðar skv. mati dómsins.

Dómkröfur aðalstefnda.

Upphaflegar dómkröfur aðalstefnda eru eftirfarandi:

- I. Að kröfulið I verði vísað frá dómi, en til vara er krafist sýknu.
- II. Að sýknað verði af öllum kröfum, sem undir kröfulið II falla, að því er snýr að innlausnarverði hlutar stefnda í Íselco sf., en fallist er á, að stefndu (sic í greinargerð) sé bæði rétt og skylt að leysa hlut stefnda í félaginu, en fyrir herra verð en þar kemur fram.
- III. Að sýknað verði af kröfulið 3 í stefnu, en til vara, að kröfur verði stórlega lækkaðar.
- IV. Að sýknað verði af lið IV í stefnu.
- V. Að sýknað verði af lið V í stefnu.
- VI. Að sýknað verði af lið VI í stefnu.
- VII. Að kröfum í lið VII í stefnu verði vísað frá dómi, en til vara, að sýknað verði af þessum lið.

Í þinghaldi 14. nóvember 1994 lýsti lögmaður aðalstefnda hins vegar yfir, að hann gerði ekki frávísunarkröfu í málinu, en legði það í mat dómsins, hvort einhver atriði í málalíðunni stefnanda leiddi til frávísunar ex officio.

Dómkröfur aðalstefnenda í framhaldsaðalsök.

- I. Að stefndi verði dæmdur til greiðslu á 2/3 af 4.942.406,50 kr., samtals 19.505.797,15 kr., í lið 3 í stefnu í aðalsök og framhaldsaðalsök eða 13.003.865 kr., og hefur þá verið tekið tillit til lækkunar vegna þess, að kröfuliður 16.5 lækkar um 920.716,10 kr.
- II. Að stefndi verði dæmdur til greiðslu dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum frá dagsetningu hvers kröfuliðar til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins.

Dómkröfur aðalstefnda í framhaldsaðalsök.

Aðallega, að kröfum aðalstefnenda verði vísað frá dómi, en til vara, að aðalstefndi verði sýknaður af kröfum aðalstefnenda.

Krafist er málskostnaðar að skaðlausu, bæði að því er varðar aðal- og varakröfu.

Dómkröfur gagnstefnanda.

Þess er krafist, að gagnstefndu verði in solidum gert að greiða gagnstefnanda 27.014.841 kr. auk eftirfarandi vanskilavaxta á ári skv. 10. gr., sbr. 12. gr. vaxtalaga: [...].

Krafist er málskostnaðar að skaðlausu.

Dómkröfur gagnstefndu.

Dómkröfur gagnstefndu eru þær, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum gagnstefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður að mati dómsins.

Málavextir.

Aðalstefnendur lýsa málavöxtum svo, að samstarf hinna þriggja eigenda Íselco sf. nái aftur til ársins 1970, þegar þeir stofnuðu fyrirtækið til að flytja inn rafvörur, vélar og tæki. Tveir eigendur, þeir Gísli Ólafsson og Ragnar Jónsson, höfðu ákveðið að stofna innflutningsfyrirtæki, en töldu sig vanta þekkingu á fjárreiðum og bókhaldi. Þeir hafi því ákveðið að bjóða Margeiri Jóhannssyni til samstarfs, enda hafi hann haft góð meðmæli og unnið við fjárreiður og bókhaldsstörf hjá fyrirtæki í svipaðri starfsemi, G. Þorsteins-son og Johnson hf. Þeir hafi komið sér strax upp fastri verkaskiptingu, sem haldist hafi síðan. Ragnar hafi séð um erlendar bréfaskriftir, Gísli um pantanir og innkaup, en Margeir bæði um fjárreiður og bókhald.

Þegar á leið, hafi Margeir ráðið son sinn, Jóhann Pétur, sér til aðstoðar. Öllum hafi verið ljós þessi skipting starfa. Viðskiptamenn hafi samið við Margeir um greiðslukjör, endurskoðandi félagsins hafi beint reikningi sínum til hans og haft samskipti við hann, Margeir hafi gert athugasemdir við

starfsmenn út af kostnaðarreikningum og vöntun í kassa við uppgjör o. s. frv. Í bókhaldinu sjáist handskrift hans víða; hann hafi fært handfærðar undirbækur á móti Jóhanni, syni sínum, og leiðbeint þeim, sem leystu Jóhann af. Hann hafi þannig haft yfirumsjón með öllu bókhaldi og fjárreiðum Íselco sf. Sérstaklega skuli tekið fram, að hann hafi fært færslur varðandi ýmis skjöl, sem notuð hafi verið við að hafa fé af Íselco sf., og hann hafi einnig svarað fyrirspurnum skattýfirvalda.

Gerð hafi verið ýtarleg athugun á bókhaldi Íselco hf., eins og það var fært undir stjórn Margeirs undanfarin ár. Niðurstaða þeirrar athugunar sé í hnotskurn sú, að næstum allt sé í ólagi, sem þar standi. Erfitt sé að finna aðra skýringu á fyrirkomulagi bókhaldsins en þá, að bókhaldið skyldi vísitandi fært með þeim hætti, að erfitt yrði að rekja viðskipti félagsins, m. ö. o. dylja raunverulegar hreyfingar fjármuna félagsins.

Rétt sé að rekja nánar þessi atriði, einkum þau, sem stangist beinlínis á við l. nr. 51/1968 um bókhald og reglugerð nr. 417/1982 um bókhald. Fyrst skuli vikið að atriðum, sem stríða gegn ákvæðum laganna.

Í sjóðbók hafi ekki verið vísað til færslna í öðrum bókum, sbr. hins vegar 7. gr.

Ekki hafi verið vísað til tilsvarende færslu í öðrum bókum í viðskiptamannabók, sbr. hins vegar 8. gr.

Mikið hafi verið um færslur skv. ófullnægjandi og ófullkomnum skjölum í bókhaldinu, svo sem ýmiss konar handskrifuðum miðum í bókhaldinu, sbr. hins vegar 12. gr.

Númer fylgiskjala og færslna hafi ekki verið hin sömu, sbr. hins vegar 15. gr.

Þá skuli vikið að nokkrum þeim atriðum, sem stríði gegn ákvæðum reglugerðarinnar:

Afstemming undirbóka við aðalbók virðist ekki hafa verið gerð, sbr. hins vegar 4. tl. 1. gr. Mikið hafi vantað á, að millifærslur fullnægðu 5. gr., og sé þá aðeins fátt talið og ekki tíundað hér það, sem fram komi í reglugerðum um virðisaukaskatt o. fl.

Árlega hafi Margeir hins vegar framvísað endurskoðendum bókhaldslistum (hreyfingarlistum) og handskrifuðum listum, sem hafi átt að líta út fyrir að sýna lokaafstemmingu helstu efnahagsliða bókhaldsins. Í raun hafi endurskoðendur félagsins því aðeins annast uppstillingu á lokatölum bókhalds félagsins án nokkurrar sjálfstæðrar athugunar, þótt annað væri látið í veðri vaka við aðra sameigendur Margeirs.

Kröfur aðila í frávísunarþætti málsins.

Kröfur aðalstefnda í þessum þætti málsins eru þær, að kröfuliðum III – VII í stefnu og kröfum skv. framhaldsstefnu verði vísað frá dómi og honum tildæmdur málskostnaður við endanlegan dóm eða úrskurð.

Kröfur aðalstefnenda eru þær, að frávísunarkröfum aðalstefnda verði hrundið og aðalstefnendum tildæmdur málskostnaður að mati dómsins auk álags skv. 131. gr. laga nr. 91/1991.

Málsástæður málsaðila varðandi frávísunarkröfu.

Aðalstefndi reisir kröfur sínar á því, að kröfur aðalstefnenda í málinu séu skaðabótakröfur, en að mati aðalstefnda séu þær ódómhæfar, þar sem engan veginn sé hægt að meta ætlað tjón af þeim athöfnum, sem taldar séu bótaskyldar. Hann heldur því einnig fram, að aðildin að skaðabótakröfunum sé vanreifuð og málflutningsyfirlýsingar þar að lútandi misvísandi. Þá sé Íselco sf. í öðru máli fyrir sama dómstóli að hafa uppi sömu kröfur og í þessu máli. Þá vanti málsástæður aðalstefnenda að mestu leyti inn í málið, svo að ekki sé unnt að átta sig á því, á hvaða grunni tilteknar athafnir eigi að leiða til bótaskyldu að lögum, og tengslin milli skjala, atvikalýsingar og dómkrafna séu þökukennnd. Ekki verði að lögum úr þessu bætt í rekstri málsins.

Af hálfu aðalstefnenda er mótmælt öllum kröfum og málsástæðum aðalstefnda. Um þá málsástæðu aðalstefnda, að ekki sé unnt að meta tjónið, er af hálfu aðalstefnenda vísað til matsbeiðni á dskj. nr. 121, en hún sé komin fram í málinu með samþykki aðalstefnda. Þá er vísað til 2. mgr. 100. gr. eml. Á það er bent, að í þinghaldi 14. nóvember 1994 hefði aðalstefndi gefið yfirlýsingu um, að hann gerði ekki frávísunarkröfu í málinu, og sé hann af þessari yfirlýsingu bundinn. Krafa hans nú sé of seint fram komin. Þá er því mótmælt, að aðild málsins, kröfur og málsástæður séu ekki nægilega reifaðar.

Niðurstaða.

Af hálfu aðalstefnenda er frávísunarkröfu aðalstefnda mótmælt sem of seint fram kominni. Í réttarhaldi 14. nóvember 1994 óskaði lögmaður aðalstefnda bókað, að hann gerði ekki frávísunarkröfu í málinu, en legði það í mat dómsins, hvort einhver atriði í málatilbúnaði aðalstefnenda leiddu til frávísunar ex officio. Í réttarhaldi 12. september 1995 lagði lögmaður aðalstefnda fram úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur frá 24. maí 1995, sbr. dskj. nr. 72, og dóm Hæstaréttar Íslands frá 27. júní 1995 í málinu nr. 208/1995, sbr. dskj. nr. 71, í máli Íselco sf. gegn Jóhanni Péttri Margeirssyni og aðalstefnda, en í því máli var að mati lögmannsins vísað frá héraðsdómi hliðstæðum kröfum og hafðar eru uppi undir kröfuliðum III – VII í þessu máli.

Í sama þinghaldi gerði lögmaðurinn jafnframt þá kröfu, að kröfuliðum III – VII í stefnu og kröfum skv. framhaldsstefnu yrði vísað frá dómi.

Með hliðsjón af framangreindum dómi Hæstaréttar svo og því, að réttarfarslög teljast ekki standa því í vegi, að unnt sé að gera kröfu um frávísun á hvaða stigi máls, sem er, er ekki fallist á, að frávísunarkrafan sé of seint fram komin.

Eins og kröfugerð skv. liðum III – VII í stefnu og í framhaldsstefnu ber með sér, er um að ræða skaðabótakröfur vegna tjóns, sem aðalstefnendur telja aðalstefnda hafa bakað Íselco sf. með athöfnum sínum og athafnaleysi, þ. e. vegna hlutdeildar sinnar og ábyrgðar sem fjármáalegur framkvæmdastjóri Íselco sf., á fjármunabrotum sonar síns, Jóhanns Péturs Margeirssonar, gegn Íselco sf. Sameignarfélagið er þó ekki aðili að máli þessu, heldur er málið höfðað af tveimur sameigendum gegn þriðja sameigandanum til greiðslu á tveimur þriðju af því tjóni, er aðalstefnendur telja aðalstefnda hafa bakað félaginu.

Með stefnu, út gefinni 3. júlí 1995, sbr. dskj. nr. 120, höfðaði félagið ásamt aðalstefnendum mál gegn Jóhanni Pétri Margeirssyni til greiðslu skaðabóta. Verður ekki betur séð en að í því máli séu að mestu hafðar uppi sömu kröfur og í því máli, sem hér er til umfjöllunar.

Fyrir liggur, að þær kröfur, sem hér um ræðir, eru vegna ætlaðra heimildarlausra greiðslna úr sjóðum félagsins, og ættu þær því að renna beint til þess, en ekki einstakra félagsmanna. Verður ekki ljóst, fyrr en uppgjöri félagsins er lokið og að teknu tilliti til niðurstöðu dóms og skattalegra áhrifa hans hjá félaginu, hver hlutdeild hvers sameiganda verður. Þykir reifun aðalstefnenda á aðild málsins að þessu leyti verulega vanreifuð. Þá verður ekki séð af málatilbúnaði aðalstefnenda, með hvaða heimild þeir telja sig geta beint sömu kröfum að tveimur aðilum í tveimur dómsmálum, sbr. það, sem áður er rakið.

Þá þykir ljóst, að það, sem fram kemur um ætlað tjón aðalstefnenda í stefnu, framhaldsstefnu og fram lögðum gögnum málsins, nægir ekki sem grundvöllur undir ákvörðun bóta. Virðast sömu annmarkar á málatilbúnaði aðalstefnenda í máli þessu og voru í hæstaréttarmálinu nr. 208/1995. Gögn, sem aðalstefnendur hafa lagt fram í rekstri málsins, þ. m. t. matsbeiðni, nægja ekki til að bæta úr annmörkum þessum. Ber því að vísa frá dómi kröfuliðum III – VI í stefnu og kröfum, er fram koma í framhaldsstefnu. Þá er kröfulið VII í stefnu vísað frá dómi, að því er tekur til krafna skv. kröfuliðum III – VI.

Ákvörðun málskostnaðar fyrir þennan þátt málsins bíður endanlegs dóms í málinu.

Kristjana Jónsdóttir héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan ásamt meðdómendunum Helga V. Jónssyni hrl. og Sigurði P. Sigurðssyni endurskoðanda.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum aðalstefnenda skv. kröfuliðum III – VI í stefnu og kröfum í framhaldsstefnu er vísað frá dómi. Þá er kröfulið VII í stefnu vísað frá dómi, að því er tekur til krafna skv. kröfuliðum III – VI.

Ákvörðun málskostnaðar bíður efnisdóms í málinu.
